



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT
ÍSLANDS

Ungsveit Sinfóníunnar

30. SEPTEMBER 2012





MENNTA- OG
MENNINGARMÁLARÁÐUNEYTIÐ



Reykjavíkurborg

Vinsamlegast hafið slökkt á farsímum meðan á tónleikum stendur.

Tónleikagestir eru beðnir um að klappa aðeins í lok tónverksins.

Tónleikarnir eru teknir upp af Ríkisútvarpinu og sendir út síðar í vetur.

Áætluð tímalengd *Plánetanna*: 50´00"

Bakhjarlar:



GAMMA

Ungsveit Sinfóníuhljómsveitar Íslands þakkar Gunnari Kolbeinssyni fyrir lán á bassaóþó sem leikið er á við flutning Plánetanna. Bassaóþó eru sjaldgæf hljóðfæri og er hljóðfærið sem leikið er á í dag hið eina sinnar tegundar á Íslandi.

Ungsveit Sinfóníunnar

SUNNUDAGURINN 30. SEPTEMBER 2012 » 14:00

Baldur Brönnimann hljómveitarstjóri

Guðmundur Óli Gunnarsson aðstoðarhljómveitarstjóri

Ungsveit Sinfóníuhljómveitar Íslands

Stúlknakór Reykjavíkur

Margrét Jóhanna Pálmadóttir kórstjóri

Gustav Holst

Pláneturnar, op. 32 (1914-17)

Mars, herguðinn

Venus, friðflytjandinn

Merkúr, vængjaði sendiboðinn

Júpíter, boðberi gleðinnar

Satúrnus, ellin

Úranus, töframaðurinn

Neptúnus, dulhyggjan



Baldur Brönnimann

hljómsveitarstjóri

Baldur Brönnimann er tónleikagestum Sinfóníuhljómsveitarinnar að góðu kunnur og stjórnar Ungsveitinni nú í annað sinn. Brönnimann hefur áralanga reynslu af því að starfa með ungu fólki. Í félagi við aðra stofnaði hann Æskulýðshljómsveit Kólumbíu árið 2010 og hefur á skömmum tíma komið þeirri sveit í hóp bestu æskuhljómsveita heims. Í samvinnu við tónlistardeild háskólans í Kólumbíu hefur Brönnimann einnig komið á fót fjölda menntaverkefna, meðal annars fyrir ung þarlend tónskáld og hljómsveitarstjóra. Auk þess hefur hann unnið með ungmennum í Skotlandi og Ástralíu og haldið meistaranámskeið víða um lönd. Brönnimann nam tónlist bæði við Tónlistarakademiuna í Basel og við Royal Northern College of Music í Manchester. Hann hefur stjórnað reglulega í Ensku þjóðaróperunni frá árinu 2008 og frá þeim tíma hefur hann jafnframt verið atkvæðamikill í Bergen, bæði sem stjórnandi Fílharmóníusveitarinnar og sem listrænn stjórnandi norsku samtímasveitarinnar BIT20. Brönnimann er eftirsóttur hljómsveitarstjóri hjá hljómsveitum víða um heim vegna færni sinnar í túlkun og miðlun samtímatónlistar. Meðal hljómsveita sem Brönnimann hefur stjórnað eru: Fílharmóníusveitirnar í Seúl og Stokkhólmi, Sinfóníuhljómsveit BBC, Fílharmónía, Skoska kammersveitin, Sinfóníuhljómsveit Íslands og London Sinfonietta auk hljómsveita á Nýja Sjálandi, Ástralíu og Palestínu.

Í mars 2013 stjórnar Brönnimann tónleikum með Sinfóníuhljómsveit Íslands og unga breska fiðluleikaranum Jennifer Pike. Á þeim tónleikum hljómar fiðlukonsert Hafliða Hallgrímssonar sem saminn var að beiðni Sinfóníuhljómsveitarinnar og skrifaður fyrir Pike. Fiðlukonsertinn hefur hlotið feykigóðar viðtökur og lofsamlega dóma.

Guðmundur Óli Gunnarsson

aðstoðarhljómsveitarstjóri



Guðmundur Óli Gunnarsson lauk námi í hljómsveitarstjórnun frá Tónlistarháskólanum í Utrecht í Hollandi og stundaði framhaldsnám hjá Jorma Panula í Helsinki. Hann hefur verið aðalstjórnandi Sinfóníuhljómsveitar Norðurlands frá stofnun hennar 1993. Með Sinfóníuhljómsveit Norðurlands hefur Guðmundur Óli meðal annars haldið fjölda skólatónleika vítt og breitt um Norðurland.



Guðmundur Óli var um 20 ára skeið fastur stjórnandi Caputhópsins og hefur stjórnað frumflutningi á fjölda tónverka innlendra og erlendra tónskálda. Hann hefur oft sinnis stjórnað Sinfóníuhljómsveit Íslands, Kammersveit Reykjavíkur ásamt því að stjórna óperuuppfærslum, kórum og ýmsum nemendahljómsveitum. Þá hefur Guðmundur Óli einnig starfað sem stjórnandi hjá Íslensku óperunni og starfar um þessar mundir sem aðstoðarhljómsveitarstjóri við uppsetningu hennar á *Il Trovatore*.

Margrét Jóhanna Pálmadóttir

kórstjóri



Margrét Jóhanna Pálmadóttir hóf tónlistarferil sinn í Hafnarfirði þar sem hún söng með Kór Öldutúnsskóla og kirkjukór Hafnarfjarðarkirkju. Hún stundaði söngnám við Tónlistarskóla Kópavogs, Tónlistarháskólann í Vínarborg, Söngskólann í Reykjavík og á Ítalíu. Leiðbeinendur hennar voru meðal annarra Elísabet Erlingsdóttir, Svanhvit Egilsdóttir, Þuríður Páldóttir, Lina Pagliughi og Eugenia Ratti. Margrét kom fyrst fram sem einsöngvari 12 ára gömul meðal annars í útvarpi og sjónvarpi. Hún söng með Þjóðleikhúskórnum í fjögur ár og tók á þeim tíma þátt í ýmsum uppfærslum með kórnum. Þá starfaði Margrét meðal annars sem raddþjálfari Pólýfónkórsins og Söngsveitarinnar Fílharmóníu og söng með sönghópnum Fjórar klassískar á árunum 1994-2000.

Ungsveit Sinfóníuhljómsveitar Íslands

Stofnuð 2009



Ungsveit Sinfóníuhljómsveitar Íslands hefur vakið verðskuldaða athygli en Ungsveitin var tilnefnd sem Bjartasta vonin á Íslensku tónlistarverðlaununum 2011 í flokki sígildrar-/sam-tímatónlistar og djass. Ár hvert, undanfarin þrjú ár, hafa tæplega hundrað ungmenni úr tónlistarskólum landsins tekið þátt í hljómsveitarskóla Sinfóníuhljómsveitarinnar og náð undra-verðum árangri undir leiðsögn framúrskarandi hljóðfæraleikara og hljómsveitarstjóra. Í ár nutu nemendur hljómsveitarskóla Ungsveitarinnar einnig fagþekkingar fræðimanna frá Stjörnuskoðunarfélagi Seltjarnarness og Stjörnufræðivefnum þar sem nemendum voru kynntar spennandi hugrenningar og staðreyndir um óravíddir himinhvolfsins. Jafnframt var Ungsveitarmeðlimum boðið upp á fyrirlestur og námskeið um líkamsvitund sem var í umsjá Herdísar Önnu Jónsdóttur og Rósu Hrunðar Guðmundsdóttur en þær eru báðar strengja-leikarar við Sinfóníuhljómsveit Íslands.

Markmið Sinfóníuhljómsveitarinnar með hljómsveitarskóla Ungsveitarinnar er að gefa tónlistarnemendum innsýn og vettvang til að kynnast hinum sífóníska heimi af eigin raun og njóta þjálfunar og leiðsagnar í hljómsveitarleik eins og um atvinnumennsku væri að ræða. Nemendur hljómsveitarskóla Ungsveitarinnar þurfa að standast prufuspil sem líkir eftir raunaðstæðum prufuspila hjá Sinfóníuhljómsveitinni. Í hljómsveitarskóla Ungsveitarinnar eru gerðar strangar kröfur um fagmannlega frammistöðu enda hafa tónleikar Ungsveitarinnar vakið mikla eftirtekt fyrir samstilltan og fágaðan flutning og magnaða túlkun.

Hljómsveitin í ár er skipuð 80 hljóðfæraleikurum sem valdir voru úr hópi 100 ungmenna sem léku um sæti í sveitinni með prufuspili. Þetta eru fjórðu tónleikar Ungsveitarinnar en áður hefur sveitin leikið 5. sífóníu Sjostakovitsj og sífóníu nr. 4 eftir Tsjajkovskíj undir stjórn Rumons Gamba og sífóníu nr. 5 eftir Mahler undir stjórn Brönnimanns. Næsta verkefni Ungsveitarinnar verður auglýst nánar á vef hljómsveitarinnar í byrjun nýs árs.

Stúlknakór Reykjavíkur



Stúlknakór Reykjavíkur var stofnaður af Margræti Jóhannu Pálmadóttur kórstjóra haustið 1995 og hefur hún verið aðalstjórnandi kórsins frá stofnun hans. Kórinn hefur starfað í sönghúsinu Domus Vox frá árinu 2000. Stúlkurnar í kórnum eru á aldrinum 5-20 ára og koma frá öllum grunn- og framhaldsskólum á Stór-Reykjavíkursvæðinu. Stúlknakórinn er fullskipaður í dag með um 130 félagar í aldursskiptu starfi. Starfsemi Stúlknakórsins byggir meðal annars á því að þroska söngnæmi nemenda með því að flytja fjölbreytta kórtónlist og stunda einsöngsnám við söngskólann Domus Vox. Kórinn hefur haldið fjölda tónleika, bæði sjálfstæða og í samtarfi við aðra kóra og hljómsveitir og meðal annars sungið á Sumartónleikum í Skálholti og með Sinfóníuhljómsveit Íslands. Kórinn hefur að meðaltali farið annað hvert ár í tónleikaferðir innlands og utan. Árið 2009 fóru 40 stúlkur á aldrinum 12-18 ára í tónleikaferð til Ítalíu og héldu fjölda tónleika og sungu meðal annars í Péturskirkjunni í Róm við góðan orðstír. Sumarið 2011 fóru 40 stúlkur í vel heppnaða tónleikaferð til Berlínar, Hamborgar og Kaupmannahafnar. Kórinn undirbýr nú upptökur og útgáfu geisladisks með trúarlegu efni.



Gustav Holst

Pláneturnar, op. 32

Pláneturnar eru eitt vinsælasta og glæsilegasta hljómsveitarverk 20. aldarinnar. Holst samdi *Pláneturnar* á árunum 1914-1917 og stjórnaði Adrian Boult, vinur Holst, frumflutningi þeirra árið 1918. Frumflutningurinn var ekki opinber en 250 gestum var boðið að hlýða á verkið í Queen's Hall í Lundúnum. Það var ekki fyrr en 15. nóvember árið 1920 að Lundúnarsinfónían flutti verkið opinberlega undir stjórn Albert Coates en fram að þeim tíma hafði verkið verið flutt fjórum sinnum fyrir valinn hóp hlustenda, annað hvort í heild sinni eða einungis fáeinir kaflar úr verkinu. Holst var í hópi þekktustu tónskálda Breta á fyrri hluta 20. aldarinnar ásamt Edward Elgar, Ralph Vaughan Williams og Frederick Delius. Í dag halda *Pláneturnar* nafni hans á lofti enda fluttar oft og víða. Holst var mikill áhugamaður um stjörnufræði og þannig kviknaði hugmynd að verki sem byggði á reikistjörnunum sjö. *Pláneturnar* eru sjö þátta hljómsveitarsvíta þar sem hver þáttur svíturnar er nefndur eftir reikistjörnu og einkennum hennar eða „stjörnufræðilegum eiginleikum“ lýst í áhrifamiklu tónmáli. *Pláneturnar* hafa verið innblástur fyrir fjölda kvikmyndatónskálda eins og til að mynda John Williams og má með sanni segja að tónlist Stjörnustríðsmyndanna eigi sér fyrirmynd í *Plánetum* Holst.

Mars, boðberi stríðsins, er án efa þekktasti kafla svíturnar en í honum dregur Holst fram fáránleika stríðsreksturs. *Venus* er friðarboðinn sem ber með sér kyrrð og friðsæld og er andrúmsloftið hér allt annað en í *Mars*. *Merkúr*, vængjaði sendiboðinn, er hröð, lífleg og leikandi gletta þar sem hraði og þeytingur fanga stemningu háloftanna. Í *Júpiter* er Holst á þjóðlegum nótum og í þessum glaðværa kafla hljóma hendingar úr ættjarðarsálminum „I Vow to Thee, My Country“ um miðbik þáttarins. *Satúrnus* minnir á að allt sem dregur andann færast nær endalokunum, gangur tímans verður ekki stöðvaður. Töframaðurinn *Úranus* ber með sér glettni og leyndardóma og *Neptúnus* er dulúðugur þar sem raddir án orða taka hlustandann út fyrir endimörk alheimsins.

Hjördis Ástráðsdóttir

TÓNLISTIN Á ÍSLANDI:

Sinfóníuhljómsveit æskunnar lék *Pláneturnar* árið 1990 undir stjórn Pauls Zukofsky. Sinfóníuhljómsveit Íslands flutti verkið árið 1978 undir stjórn Páls P. Pálssonar, 1998 undir stjórn Ricos Saccani og 2011 undir stjórn Rumons Gamba. Kvinnakór Reykjavíkur undir stjórn Margrétar Jóhönnu Pálmadóttur tók þátt í flutningi *Plánetanna* 1998 og 2011.

Tónlistarfélagið í Reykjavík 80 ára

Tónlistarfélagið í Reykjavík er sá félagsskapur sem mest hefur lagt af mörkum til tónlistaruppeldis á Íslandi. Segja má að Tónlistarfélagið hafi tekið að sér að leiða Íslendinga til tónlistarþroska. Með stofnun og rekstri Tónlistarskólans í Reykjavík og frumkvæði að stofnun Sinfóníuhljómsveitarinnar átti Tónlistarfélagið stóran þátt í að reisa helstu stoðir burðugs tónlistarlífs á Íslandi. Þá stóð félagið fyrir metnaðarfullu tónleikahaldi um árabil og kynnti fyrir landsmönnum meistaraverk tónbókmenntanna, oft í flutningi heimsþekktra listamanna. Þeir hugsjónamenn sem stóðu að Tónlistarfélaginu, með Ragnar Jónsson í Smára í fylkingarbrjósti, lögðu þannig grunn að því gróskumikla tónlistarlífi sem við njótum nú um stundir.

Um þessar mundir á Tónlistarfélagið í Reykjavík 80 ára afmæli og fer vel á því að fagna því á tónleikum Ungsveitar Sinfóníuhljómsveitar Íslands. Með þeim hætti minnumst við þess fólks sem af eldmóði og framsýni byggði upp tónlistarmenntun á Íslandi og skapaði grundvöll fyrir atvinnumennsku í tónlist, meðal annars í Sinfóníuhljómsveitinni. Nú, sem fyrr, reiðir á að halda á lofti hugsjónum frumherjanna og byggja á því góða starfi sem unnið hefur verið í áratugi. Með starfsemi Ungsveitarinnar vill Sinfóníuhljómsveit Íslands leggja sitt af mörkum, svo tónlistarfólk framtíðarinnar fái tækifæri til að kynnast starfsumhverfi atvinnufólks í hljóðfæraleik við bestu skilyrði.

Það er von Sinfóníuhljómsveitarinnar að Tónlistarfélagið í Reykjavík eigi bjarta framtíð og verði áfram sá ötuli bakhjarl tónlistarlífs og tónlistaruppeldis á Íslandi sem verið hefur hljómsveitinni svo mikilvægur í gegnum alla hennar sögu.

Sigurður Nordal
framkvæmdastjóri Sinfóníuhljómsveitar Íslands

Ungsveit Sinfóníuhljómsveitar Íslands 2012

30. september 2012

1. FÍÐLA

Rannveig Marta Sarc
Stefanía Gunnarsdóttir
Þuríður Helga Ingvarsdóttir
Guðbjartur Hákonarson
Skúli Guðmundsson
Alma Katrín Einarsdóttir
Nína Lea Z. Jónsdóttir
Hafsteinn Guðmundsson
Hekla Finnsdóttir
Sigrún Grímsdóttir
Sara Högnadóttir
Sólrún Ylfa Ingimarsdóttir
Irena Sylva Roe
Maskymilian Haraldur Frach

2. FÍÐLA

Marín Ingibjörg McGinley
Þórdís Ylfa Viðarsdóttir
Sólveig Vaka Eypórsdóttir
Steinunn Arinbjarnardóttir
Pétur Úlfarsson
Sigríður Björg Helgadóttir
Herdís Mjöll Guðmundsdóttir
María Emilía Garðarsdóttir
Fídel Atli Gasparson
Vilborg Magnúsdóttir
Auður Ýr Sigurðardóttir

VÍÓLA

Anna Elísabet Sigurðardóttir
Stefanía Bergljót Stefánsdóttir
Hringur Ásgeir Sigurðarson
Steina Kristín Ingólfssdóttir
Edda Rún Gunnarsdóttir
Ásta Kristín Pjetursdóttir
Þórunn Ósk Marinósdóttir
Una Sveinbjarnardóttir

SELLÓ

Hrafnhildur Marta Guðmundsdóttir
Steiney Sigurðardóttir
Sylvía Spilliaert
Ingunn Erla Kristjánsdóttir
Sigríður Kristjana Ingimarsdóttir

Daymi Rafn Andrews
Heiður Lára Bjarnadóttir
Kristín Edda Frimannsdóttir
Skúli Þór Jónasson

BASSI

Aron Jónsson
Alexandra Kjeld
Bára Gisladóttir
Sigmar Þór Matthíasson
Hávarður Tryggvason
Páll Hannesson

FLAUTA

Helga Svala Sigurðardóttir
Edda Lárusdóttir
Sólveig Magnúsdóttir, piccolo
Helen Xinwei Chen, piccolo
Sigríður Hjördís Indriðadóttir, altflauta

ÓBÓ

Össur Ingi Jónsson
Gillian Hawarth
Guðrún Másdóttir, enskt horn
Peter Tompkins, bassaóab

KLARINETT

Baldvin Ingvar Tryggvason
Auður Edda Erlendsdóttir
Áslaug Rún Magnúsdóttir
Kristín Þóra Pétursdóttir, bassaklarinett

FAGOTT

Bryndís Þórsdóttir
Ásthildur Ákadóttir
Þórður Magnús Tryggvason
Rúnar Vilbergsson, kontrafagott

HORN

Guðmundur Andri Ólafsson
Erna Ómarsdóttir
Hlin Þórhallsdóttir
Helga Lára Guðmundsdóttir
Atli Sigurðsson
Lilja Valdimarsdóttir

TROMPET

Elísa Guðmarsdóttir
Sóley Björk Einarsdóttir
Anna Marín Þórsdóttir
Hulda Lilja Hannesdóttir
Ingibjörg Ragnheiður Linnét

BÁSÚNA

Einar Bjarni Björnsson
Finnbogi Darri Guðmundsson
Vilborg Jónsdóttir, tenortúba
David Bobroff, bassabásúna

TÚBA

Egill Fabien Posocco

HARPA

Hallgrímur Davíð Egilsson
Katie Buckley

CELESTA

Einar Þór Guðmundsson

ORGEL

Þorsteinn Björnsson

PÁKUR

Þorvaldur Halldórsson
Emil Þorri Emilsson

SLAGVERK

Bjarki Steinn Aðalsteinsson
Þórhallur Arnar Vilbergsson
Svanhildur Lóa Bergsveinsdóttir
Örvar Erling Árnason

Stúlknakór Reykjavíkur

30. september 2012

Agnes Jórunn Andrésdóttir
Alma Ágústsdóttir
Anita Sif Eiríksdóttir
Ágústa Björg Kristjánsdóttir
Ása Alexía Unnarsdóttir
Bryndís Eva Erlingsdóttir
Dagbjört Andrésdóttir
Dorothea Halldórsdóttir
Eygló Káradóttir
Freyja Sverrisdóttir
Guðný Guðmundsdóttir
Heiða Darradóttir
Helena Hafsteinsdóttir
Helga Katrín Jónsdóttir
Herborg Lúðvíksdóttir
Hildur Helga Jónsdóttir
Ingeborg Andersen
Ingibjörg Hrönn Jónsdóttir
Ísól Rut Reynisdóttir
Jasmín Dúfa Pitt
Karitas Sumati Árnadóttir
Karólína Rut Lárusdóttir
Klara Sigurðardóttir
Kristín Vilbergsdóttir
Kristjana Guðbjartsdóttir
María Cristina Kristmanns
María Sigríður Ágústsdóttir
Matthildur Hafliðadóttir
Nanna Katrín Hannesdóttir
Rakel Rósa Ingimundardóttir
Sif Arnardóttir
Sólveig Svava Gísladóttir
Vala Wium
Þórunn Inga Ólafsdóttir

PÍANISTI Á ÆFINGUM SÍ

Anna Guðný Guðmundsdóttir



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT
ÍSLANDS



STAR-WARS TÓNLEIKAR

Mið. 28. NÓV. '12 » 19:30

Fim. 29. NÓV. '12 » 19:30

John Williams

Tónlist úr Stjörnustríðsmyndunum

Lucas Richman

hljómsveitarstjóri

Í Stjörnustríðsmyndunum er áhorfandinn kynntur fyrir stjörnuþöku í órafjarlægð og mögnuðum hljóðheimi John Williams, einum þekktasta tónsmið í sögu Bandaríkjanna. Stjörnustríðstónleikarnir eru viðburður sem enginn aðdáandi kvikmyndatónlistar ætti að láta fram hjá sér fara.

„Megi mátturinn
vera með þér“